

**TILSKIPUN RÁÐSINS****frá 30. nóvember 1989****um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (fyrsta sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)****(89/654/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>, sem gerð var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,í samvinnu við Evrópuþingið <sup>(2)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykka lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt téðri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun þá er

<sup>(1)</sup> Stj. tíð. EB nr. C 141, 30. 5. 1988, bls. 6, Stj. tíð. EB nr. C 115, 8. 5. 1989, bls. 34 og Stj. tíð. EB nr. C 284, 10. 11. 1989, bls. 8.<sup>(2)</sup> Stj. tíð. EB nr. C 326, 19. 12. 1988, bls. 123 og Stj. tíð. EB nr. C 256, 9. 10. 1988, bls. 51.<sup>(3)</sup> Stj. tíð. EB nr. C 175, 4. 7. 1988, bls. 28.varðar öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað <sup>(4)</sup> er kveðið á um samþykkt tilskipunar sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum.Ráðið tók, í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hreinlæti og hollustuhætti á vinnustað <sup>(5)</sup>, tillit til þeirra áforma framkvæmdastjórnarinnar að leggja í náinni framtíð fyrir ráðið lágmarkskröfur um fyrirkomulag á vinnustöðum.

Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna er brynt að farið sé að lágmarkskröfum þeim sem ætlað er að tryggja betur öryggi og hollustu á vinnustöðum.

Tilskipun þessi er sértílskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(6)</sup>. Því er hægt að beita til fulls ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar hvað varðar vinnustaði, án þess að það brjóti í bága við strangari og/eða sérhæfðari ákvæði sem í þessari tilskipun felast.

Tilskipun þessi er skref í þá átt að gera hina félagslegu hlið innra markaðarins að veruleika.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1985, skal framkvæmda-<sup>(4)</sup> Stj. tíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.<sup>(5)</sup> Stj. tíð. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 1.<sup>(6)</sup> Stj. tíð. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.<sup>(7)</sup> Stj. tíð. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

stjórnin hafa samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum þegar hún semur tillögur á þessu sviði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

## I. ÞÁTTUR

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

#### Efni

1. Með tilskipun þessari, sem er fyrsta sértilskipunin í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE frá 12. júní 1989, eru gerðar lágmarkskröfur um öryggi og hollustu á vinnustöðum, eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

- a) flutningatæki sem notað eru utan fyrirtækisins og/eða stofnunarinnar, eða vinnuáðstöðu í flutningatækjum;
- b) bráðabirgða- eða færanlega vinnustaði;
- c) jarðefnavinnslu;
- d) fiskiskip og -báta;
- e) akra, skóga og annað land sem notað er til landbúnaðar eða skógræktar fjarri þeim stað þar sem fyrirtækið er til húsa.

3. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllu því sviði sem um er rætt í 1. mgr., sbr. þó þrengri og/eða sérhæfðari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

#### 2. gr.

### Skilgreining

Í tilskipun þessari merkir hugtakið „vinnustaður“ þann stað innan athafnasvæðis fyrirtækis og/eða stofnunar sem ætlað er að hýsa vinnuáðstöðu, og hvern þann stað annan innan fyrirtækis og/eða stofnunar sem starfsmaður hefur aðgang að í tengslum við vinnu sína.

## II. ÞÁTTUR

### SKYLDUR VINNUVEITENDA

#### 3. gr.

#### Nýir vinnustaðir

Vinnustaðir þar sem starfsemi hefst í fyrsta sinn eftir 31. desember 1992 verða að fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi og hollustu sem gerðar eru í I. viðauka.

#### 4. gr.

### Vinnustaðir þar sem starfsemi fer þegar fram

Vinnustaðir þar sem starfsemi er hafin fyrir 1. janúar 1993 verða að fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi og hollustu sem gerðar eru í II. viðauka eigi síðar en þremur árum eftir þann dag.

Í Lýðveldinu Portúgal skulu þó vinnustaðir þar sem starfsemi er hafin fyrir 1. janúar 1993 fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi og hollustu sem birtar eru í II. viðauka eigi síðar en fjórum árum eftir þann dag.

#### 5. gr.

### Breytingar á vinnustöðum

Þegar vinnustöðum er breytt, þeir stækkaðir og/eða endurbýggðir eftir 31. desember 1992, ber vinnuveitanda að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að umrædd breyting, stækkun og/eða endurbýgging sé í samræmi við tilsvarendi lágmarkskröfur, sem tilgreindar eru í I. viðauka.

#### 6. gr.

### Almennar kröfur

Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna ber vinnuveitanda að sjá til þess að:

- ætíð sé greiðfært um leiðir að neyðarútgöngum, sem og útgangana sjálfa,
- vinnustað, búnaði og tækjum, einkum þeim sem greint er frá í I. og II. viðauka., sé haldið við tæknilega og gert sé við, svo skjótt sem mögulegt er, allar bilanir sem finnast og kunna að snerta öryggi og heilsu starfsmanna,
- vinnustaður, búnaður og tæki, einkum af því tagi sem greint er frá í 6. lið I. viðauka og 6. lið II. viðauka, séu þrífir reglulega svo að fullnægjandi hreinlæti sé tryggt,
- öryggisbúnaður og tæki sem ætlað er að koma í veg fyrir eða draga úr hættu, einkum af því tagi sem greint er frá í I. og II. viðauka, njóti viðhalds og eftirlits með reglubundnu millibili.

#### 7. gr.

### Upplýsingar til starfsmanna

Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra fá upplýsingar um allar ráðstafanir sem gerðar eru á sviði öryggis og hollustu á vinnustöðum.

8. gr.

### Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og tryggja þátttöku þeirra í samræmi við 11. grein tilskipunar 89/391/EBE, á því sviði sem tilskipun þessi tekur til, að viðaukum meðtöldum.

### III. ÞÁTTUR

### ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

### Breytingar á viðaukum

Breytingar á viðaukunum, af tæknilegum toga einvörðungu, vegna:

- samþykktar tilskipana um tæknilega samhæfingu og stöðlu á sviði hönnunar, framleiðslu eða samsetningar einstakra hluta vinnustaða, og/eða
- tækniframfara, breytinga á alþjóðlegum reglugerðum eða tækniforskriftum og þekkingar er snertir vinnustaði,

skal samþykkja í samræmi við tilhögun þá sem kveðið er á um í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE.

10. gr.

### Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og

stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 1992. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Fyrir Lýðveldið Grikkland skal þó dagsetning þessi vera 31. desember 1994.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða úr þeim lögum sem sett eru eða hafa þegar verið sett á því sviði sem þessi tilskipun nær til.

3. Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu fimmta hvert ár um hver reynslan hefur orðið af framkvæmd ákvæða tilskipunar þessarar, þar sem fram komi sjónarmið vinnuveitenda og starfsmanna.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum, um þessi efni.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með reglubundnu millibili fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina, með hliðsjón af 1. og 3. mgr.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. nóvember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. SOISSON

forseti.

## I. VIÐAUKI

**LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTU Á NÝJUM VINNU-STÖÐUM, EINS OG UM GETUR Í 3. GR. TILSKIPUNARINNAR****1. Almenn athugasemd**

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við þegar þess er krafist er vegna staðhátta á vinnustað, þeirrar starfsemi sem stunduð er, aðstæðna eða aðsteðjandi hættu.

**2. Stöðugleiki og traustleiki**

Byggingar sem hýsa vinnustaði skulu vera þannig gerðar og svo traustar að hæfi notkun þeirra.

**3. Raflagnir og raftæki**

Raflagnir og raftæki skulu vera hönnuð og þannig gerð að ekki stafi af þeim bruna- eða sprengihætta og starfsmenn séu varðir á fullnægjandi hátt gegn óhöppum sem bein eða óbein viðkoma kann að valda.

Í hönnun, gerð og vali á efni og varnarbúnaði skal höfð hliðsjón af spennu, ytri aðstæðum og hæfni þeirra manna sem hafa aðgang að raflögnum eða raftækjum.

**4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar**

4.1. Undankomuleiðum og neyðarútgöngum skal ávallt haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað.

4.2. Öllum starfsmönnum skal vera unnt að yfirgefa vinnustað sinn í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hætta kemur upp.

4.3. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skulu miðast við notkun, útbúnað og stærð vinnustaðar, og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.

4.4. Neyðardyr skulu opnast út.

Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyr sem sérstaklega eru ætlaðar til neyðarútgöngu.

Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.

4.5. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við þær innanlands-reglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 77/576/EBE <sup>(1)</sup>.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera varanleg.

4.6. Neyðarhurðum má ekki læsa.

Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim, skulu ávallt vera greiðar, þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er.

4.7. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef straumlaust verður.

**5. Eldvarnir og slökkvistarf**

5.1. Eftir því sem stærð og notkun bygginga segir til um, svo og búnaður sá sem í þeim er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal á vinnustöðum séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörðunartækjum sem þörf kann að vera á.

<sup>(1)</sup> Stjórtíð. EB nr. L 229, 7. 9. 1977, bls. 12.

- 5.2. Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera innanhandar og einfaldur í notkun.

Hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 77/576/EEC.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera varanleg.

#### 6. Loftræsting á vinnustöðum innandyra

- 6.1. Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyra.

Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið gangfærum.

Nota skal búnað sem veitir viðvörðun um allar bilanir, ef þess er þörf með tilliti til heilsu starfsmanna.

- 6.2. Ef notað er kerfi til að stjórna bæði raka og hita, eða vélrænt loftræstikerfi, ber að sjá til þess að það valdi starfsmönnum ekki óþægindum af dragsúgi.

Fjarlægja skal án tafar allar útfellingar og óhreinindi sem gætu mengað loftið og þannig stefnt heilsu starfsmanna í bráða hættu.

#### 7. Hiti innanhúss

- 7.1. Á vinnutíma skal hiti þar sem vinna fer fram vera hæfilegur mönnum með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna.

- 7.2. Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.

- 7.3. Haga ber gluggum, þakljórum og skilveggjum úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklum mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfseminnar og vinnustaðarins.

#### 8. Dagsbirta og lýsing

- 8.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er, og skulu þeir einnig búnir nægilegri raflýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

- 8.2. Búnaði til lýsingar í vinnuherbergjum og á göngum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.

- 8.3. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef lýsing bregst skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.

#### 9. Gólf, veggir, loft og þök á vinnustöðum

- 9.1. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, gót eða hallar, og skulu þau vera föst, stöðug og laus við hálfu.

Vinnustaðir sem hafa fleiri verkstöðvar skulu vera nægilega einangraðir með hliðsjón af eðli þeirrar vinnu sem þar fer fram og líkamlegri áreynslu starfsmanna.

- 9.2. Yfirborð á gólfum, veggjum og loftum vinnustaða skal vera þannig að viðunandi hreinlæti megi ná með þvotti og hreinsun.

- 9.3. Gagnsæir eða hálf gagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnustaða og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu vera greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.

- 9.4. Ekki má heimila aðgang að þökum gerðum úr efnum sem ekki eru af fullnægjandi styrk nema notaður sé búnaður til þess að þar megi vinna á öruggan hátt.

**10. Gluggar og þakljórar**

- 10.1. Starfsmönnum skal með fullu öryggi unnt að opna glugga, þakljóra og loftræstiop, stilla opnun þeirra og loka þeim.

Stilling þeirra má ekki geta valdið starfsmönnum hættu þegar þau eru opin.

- 10.2. Gluggum og þakljórum skal komið þannig fyrir að hæfi hreinsibúnaði, eða útbúnir þannig að unnt sé að hreinsa þá án þess það hafi í för með sér hættu fyrir starfsmenn sem það gera eða aðra sem staddir eru í byggingunni eða við hana.

**11. Hurðir og hlið**

- 11.1. Staðsetningu og fjölda hurða og hliða, stærðir þeirra og efni í þeim skal miða við eðli og notkun viðkomandi herbergja eða svæða.

- 11.2. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.

- 11.3. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsægjum spjöldum.

- 11.4. Ef gagnsær eða hálf gagnsær fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað hættu af skellist hurðin eða hliðið skal verja þessa fleti gegn broti.

- 11.5. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.

- 11.6. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið til baka aftur.

- 11.7. Dyr á undankomuleiðum skulu merktar á viðeigandi hátt.

Þær skulu ávallt vera opnanlegar innan frá hvenær sem er án sérstakrar aðstoðar.

Þær skulu vera opnanlegar meðan starfsmenn eru á vinnustað.

- 11.8. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangendur um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera við þau greinilega merktar dyr fyrir þá, sem umgangur er ávallt óhindraður um.

- 11.9. Dyr og hlið sem lokað er með vélrænum búnaði skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hættu af.

Á slíkum dyrum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til stöðvunar sem er auðþekktanlegur og auðvelt að komast að, og ef þau opnast ekki sjálfkrafa er straumlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.

**12. Umferðarleiðir — Hættusvæði**

- 12.1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggðir eða fastir stigar, hlaðstæði og -pallar, skal staðsetja og útbúa þannig að fótgangendur og ökutæki megi nota þær vandkvæðalaust, með fullu öryggi og á þann hátt sem tilgangur þeirra segir til um, og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hættu af.

- 12.2. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangendur og flutning á vörum skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er.

Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangendur hafi fullnægjandi öryggisrými.

- 12.3. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangendur, göngum og stigum.

- 12.4. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar ef öryggi starfsmanna krefst þess vegna notkunar á herbergjum eða búnaðar sem í þeim er.

- 12.5. Ef hættusvæði eru á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er háttað skal afgirða þau eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum.

Hættusvæðin skulu greinilega merkt.

**13. Sérstakar ráðstafanir varðandi rennistiga og rennigangvegi**

Rennistigar og rennigangvegir skulu starfa þannig að fulls öryggis sé gætt.

Á þeim skal hafður nauðsynlegur öryggisbúnaður.

Þeir skulu búnir neyðarbúnaði til stöðvunar, sem er auðþekktanlegur og auðvelt að komast að.

**14. Hlaðstæði og -pallar**

14.1. Hlaðstæði og -pallar skulu henta fyrir varning af þeirri stærð sem flytja skal.

14.2. Á hlaðstæðum skal vera að minnsta kosti einn útgangur.

Ef það er tæknilega unnt skal vera útgangur í báðum endum á hlaðstæðum yfir ákveðinni lágmarkslengd.

14.3. Hlaðpallar skulu eftir því sem unnt er vera þannig að starfsmenn geti ekki fallið af þeim.

**15. Stærð og loftrými herbergja — Olnbogaráymi á vinnustað**

15.1. Í vinnuherbergjum skal vera nægilegur gólfhlötur, hæð og loftrými til að starfsmenn geti stundað vinnu sína án hættu fyrir öryggi sitt, heilbrigði og vellíðan.

15.2. Á vinnustöðum skal ætla nægilegt opið svæði þannig að starfsmenn hafi það olnbogaráymi sem þeir þurfa til að stunda vinnu sína.

Ef ekki er unnt vegna sérstakra staðhátta á vinnustað að uppfylla þá kröfu skal veita starfsmönnum aðgang að nægilegu hreyfirými í nágrenni hans.

**16. Hvíldarherbergi**

16.1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna, svo sem vegna eðlis starfsins eða mikils fjölda starfsmanna, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi sem greiður aðgangur er að.

Regla þessi gildir ekki ef starfsmenn starfa á skrifstofu eða svipaðri vinnustofu þar sem sambærilegur kostur er á hvíld í vinnuhléi.

16.2. Hvíldarherbergi skulu vera nægilega stór og búin nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.

16.3. Í hvíldarherbergjum skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks.

16.4. Ef hlé á vinnu eru tíð og reglubundin og hvíldarherbergi er ekki fyrir hendi skulu starfsmönnum ávallt þegar þess er þörf með tilliti til öryggis þeirra og heilbrigði veitt afnot af öðrum herbergjum þar sem þeir geta dvalist í vinnuhléi.

Gera ber viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks.

**17. Þunguðar konur og konur með börn á brjósti**

Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

**18. Hreinlætisaðstaða**

18.1. *Búningsherbergi og fataskápar*

18.1.1. Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum ef þeir eiga að bera sérstök vinnuföt og óæskilegt er af heilsufarsástæðum eða ekki sæmir að þeir hafi fataskipti í öðrum herbergjum.

Búningsherbergi skulu vera auðveld aðgöngu, nægilega rúmgóð og sætum búin.

18.1.2. Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti geymt föt sín í læstri hirslu meðan á vinnu stendur.

Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna.

18.1.3. Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

18.1.4. Ef búningsherbergja er ekki þörf samkvæmt atriði 18.1.1 skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur geymt föt sín.

#### 18.2. Steypiböð og handlaugar

18.2.1. Ef eðli starfsins eða heilbrigðisaðstæður krefjast þess skal starfsmönnum séð fyrir viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða.

Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin.

18.2.2. Baðklefar skulu vera nægilega stórir til að hver starfsmaður geti baðast án truflunar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður.

Til baða skal séð fyrir heitu og köldu rennandi vatni.

18.2.3. Ef baðklefa er ekki þörf samkvæmt atriði 18.2.1 skal séð fyrir nægilega mörgum og fullnægjandi handlaugum með rennandi vatni (heitu ef þörf krefur) í grennd við vinnustað og búningsherbergi.

Handlaugar karla og kvenna skulu vera aðskildar eða notkun þeirra aðskilin ef þess er þörf af velsæmisástandum.

18.2.4. Ef skilið er á milli baðklefa eða handlauga og búningsherbergja skal vera greiður gangur þar á milli.

#### 18.3. Salerni og handlaugar

Starfsmenn skulu í grennd við vinnustað sinn, hvíldarherbergi, búningsherbergi og baðklefa eða handlaugar hafa aðgang að sérstakri hreinlætisaðstöðu með nægilegum fjölda salernisskála og handlauga.

Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

### 19. Sjúkrastofur

19.1. Ef stærð vinnustaðar, tegund starfsemi og slysatíðni krefjast þess skal sjá fyrir einu eða fleiri sjúkrastofum til að veita slösuðum skyndihjálp.

19.2. Í sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og annar búnaður til að veita skyndihjálp, og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður.

Þau skulu auðkennd með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 77/576/EBE.

19.3. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað.

Hann skal merktur með viðeigandi hætti og vera auðveldlega tiltækur.

### 20. Fatlaðir starfsmenn

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna.

Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

### 21. Vinnustaðir utanhúss (sérákvæði)

21.1. Vinnustaðir, umferðarleiðir, aðrir staðir eða mannvirki undir beru lofti þar sem starfsmenn eru staddir vegna vinnu sinnar skulu skipulögð þannig að ekki stafi af hætta fyrir umferð fótgangenda eða ökutækja.

Ákvæði 12., 13. og 14. liða gilda með samsvarandi hætti um aðalumferðarleiðir á athafnasvæði fyrirtækisins (aðkomuleiðir að föstum starfsstöðvum), um aðkomuleiðir sem notaðar eru til reglubundins viðhalds og eftirlits með mannvirkjum, og um hlaðstæði.

Ákvæði 12. liðar gildir einnig um vinnustaði utanhúss.

21.2. Vinnustaðir utanhúss skulu lýstir á fullnægjandi hátt ef dagsbirta nægir ekki.

21.3. Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að:

- a) þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
- b) þeir verði ekki fyrir áhrifum af svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
- c) þeir geti yfirgefið vinnustað sinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu,
- d) þeir renni ekki til eða detti.

## II. VIÐAUKI

**LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HOLLUSTU Á VINNUSTÖÐUM  
SEM ÞEGAR ERU Í NOTKUN, EINS OG UM GETUR Í 4. GR. TILSKIPUN-  
ARINNAR****1. Almenn athugasemd**

Þær kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka þessum eiga ávallt við þegar þess er krafist er vegna staðhátta á vinnustað, þeirrar starfsemi sem stunduð er, aðstæðna eða aðsteðjandi hættu.

**2. Stöðugleiki og traustleiki**

Byggingar sem hýsa vinnustaði skulu vera þannig gerðar og svo traustar að hæfi notkun þeirra.

**3. Raflagnir og raftæki**

Raflagnir og raftæki skulu vera hönnuð og þannig gerð að ekki stafi af þeim bruna- eða sprengihætta og starfsmenn séu varðir á fullnægjandi hátt gegn óhöppum sem bein eða óbein viðkoma kann að valda.

Raflagnir, raftæki og varnarbúnaður skal hafa þeirri spennu sem notuð er, ytri aðstæðum og hæfni þeirra manna sem hafa aðgang að lögnum eða tækjum.

**4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar**

4.1. Undankomuleiðum og neyðarútgöngum skal ávallt haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast út undir bert loft eða á öruggan stað.

4.2. Öllum starfsmönnum skal vera unnt að yfirgefa starfsstöð sína í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hætta kemur upp.

4.3. Undankomuleiðir og neyðarútgangar skulu vera nægilega margir.

4.4. Neyðardyr skulu opnast út.

Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyr sem sérstaklega eru ætlaðar til neyðarútgöngu.

Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.

4.5. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 77/576/EBE.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera varanleg.

4.6. Neyðarhurðum má ekki læsa.

Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim, skulu ávallt vera greiðar, þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er.

4.7. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á neyðarútgönguleiðum skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu ef straumlaust verður.

**5. Eldvarnir og slökkvistarf**

5.1. Eftir því sem stærð og notkun bygginga segir til um, svo og búnaður sá sem í þeim er, eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar þeirra efna sem þar eru og sá mannfjöldi sem þar getur mestur orðið, skal á vinnustöðum séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.

5.2. Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera innanhandar og einfaldur í notkun.

Hann skal auðkenndur með skiltum í samræmi við þær innanlandsreglur sem settar hafa verið til að framfylgja tilskipun 77/576/EBE.

Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum og skulu þau vera varanleg.

## 6. Loftræsting á vinnustöðum innandyra

Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyra.

Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið gangfærum.

Nota skal búnað sem veitir viðvörðun um allar bilanir, ef þess er þörf með tilliti til heilsu starfsmanna.

## 7. Hiti innanhúss

7.1. Á vinnutíma skal hiti þar sem vinna fer fram vera hæfilegur mönnum með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna.

7.2. Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.

## 8. Dagsbirta og lýsing

8.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er, og skulu þeir einnig búnir nægilegri raflýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

8.2. Á vinnustöðum þar sem starfsmönnum er sérstök hættu búin ef lýsing bregst skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.

## 9. Hurðir og hlið

9.1. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.

9.2. Snúningshurðir og hlið skulu vera úr gagnsæju efni eða með gagnsægjum spjöldum.

## 10. Hættusvæði

Ef hættusvæði eru á vinnustöðum þar sem starfsmenn geta hrasað eða hlutir fallið vegna þess hvernig vinnu er háttáð skal afgirða þau eins og unnt er til að koma í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna.

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum.

Hættusvæði skulu greinilega merkt.

## 11. Hvíldarherbergi og hvíldarstaðir

11.1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna, svo sem vegna eðlis starfsins eða mikils fjölda starfsmanna, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi sem greiður aðgangur er að.

Regla þessi gildir ekki ef starfsmenn starfa á skrifstofu eða svipaðri vinnustofu þar sem sambærilegur kostur er á hvíld í vinnuhléi.

11.2. Hvíldarherbergi og hvíldarstaðir skulu vera nægilega stórir og búnir nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.

11.3. Í hvíldarherbergjum og á hvíldarstöðum skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks.

## 12. Þunguðar konur og konur með börn á brjósti

Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

**13. Hreinlætisaðstaða****13.1. Búningsherbergi og fataskápar**

13.1.1. Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum ef þeir eiga að bera sérstök vinnuföt og óæskilegt er af heilsufarsástæðum eða ekki sæmir að þeir hafi fataskipti í öðrum herbergjum.

Búningsherbergi skulu vera auðveld aðgöngu og nægilega rúmgóð.

13.1.2. Í búningsherbergjum skal hver starfsmaður geta geymt föt sín í læstri hirslu meðan á vinnu stendur.

Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna.

13.1.3. Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

**13.2. Steypiböð, salerni og handlaugar**

13.2.1. Við vinnustaði skal starfsmönnum séð fyrir

- steypiböðum, ef þess er þörf vegna starfa þeirra,
- sérstakri aðstöðu þar sem fyrir hendi eru nægilega mörg salerni og handlaugar.

13.2.2. Til steypibaða og handlauga skal veitt rennandi vatni (heitu ef þörf krefur).

13.2.3 Steypiböð karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.

**14. Búnaður til sjúkrahjálpar**

Búnaður til sjúkrahjálpar skal vera á vinnustöðum.

Hann skal vera auðkenndur á viðeigandi hátt og auðveldur aðgöngu.

**15. Fatlaðir starfsmenn**

Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna.

Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði sem fatlaðir starfsmenn vinna við eða nota sjálfir.

**16. Umferð gangandi fólks og ökutækja**

Vinnustaðir, jafnt innan húss sem utan, skulu skipulagðir með þeim hætti að bæði gangandi fólk og ökutæki geti komist leiðar sinnar með fullu öryggi.

**17. Vinnustaðir utanhúss (sérákvæði)**

Er starfsmenn vinna utanhúss skal vinnustaðurinn eins og kostur er skipulagður á þann hátt að:

- a) þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla,
- b) þeir verði ekki fyrir áhrifum af svo miklum hávaða að valdið geti heilsutjóni, eða fyrir öðrum skaðlegum utanaðkomandi áhrifum, svo sem af lofttegundum, gufum eða ryki,
- c) þeir geti yfirgefið vinnustað sinn í skyndingu ef hætta kemur upp, eða að unnt sé að veita þeim aðstoð í skyndingu,
- d) þeir renni ekki til eða detti.